

# STARFSLEYFI

## Sláturhúsið Hellu

Sláturhús

Suðurlandsvegi 8, fastanr. F2196178  
850 Hella

kt. 511001 2180

Nafn og kt. rekstraraðila: **Sláturhúsið Hellu ehf., kt. 511001 2180**  
Heimilisfang: **Suðurlandsvegi 8, 850 Hella**

**Útgáfudagur: 26. mars 2019**

**Gildir til: 26. mars 2031**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Sláturhúsið Hellu ehf. vegna sláturhúss og kjötvinnslu  
dags. 26. mars 2019**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 26. mars 2019



**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri



# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR sláturhús og kjötvinnslu

## Sláturhúsið Hella ehf.

kt. 511001 2180

Suðurlandsvegi 8, 850 Hella

*Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

Rgl.nr.

1.1	Starfsleyfisskilyrðin gildir fyrir kjötvinnslu, sláturhús, niðursuðu og reykmeðferð á kjötvörum samkvæmt viðauka X. í reglugerðinni.	550/2018 5. gr.
1.2	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri rekstraraðila að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018 13. og 56. gr.
1.4	Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um: a) Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennslilagnir og hreinsivirki skal vera til staðar, ásamt breytingum sem gerðar eru á þeim. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennslislögnum og varða mengunarvarnabúnað. b) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar. c) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru hjá rekstraraðila ásamt viðhaldi búnaðarins. d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð. e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir rekstraraðila, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Bregðast skal skjótt við ef mengunaróhöpp verða. Gera skal viðbragðsáætlanir þar sem við á. f) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna rekstrar starfsstöðvarinnar. Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.	550/2018 8. og 57. gr.